

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Uppeldisfræði 103 (UPP 103) Kennsluáætlun (Haustönn 2012)	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir	Sk.st.	FRS
	Valgerður Dögg Jónsdóttir		VAL

Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga í uppeldisfræði er lögð áhersla á kynningu á fræðigreininni uppeldis og menntunarfræði, fjallað um sögu og hagnýtingu. Hugtakið uppeldi er tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag. Mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis eru skoðuð í ljósi mismunandi viðhorfa til uppeldis og menntunar í Evrópu síðustu aldir.

Nemendur kynnast hugmyndafræði og uppeldisaðferðum nokkurra þekktra uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis og skólastarf í Evrópu. Þeirra á meðal eru Rousseau, Pestalozzi, Fröbel, Montessori og Dewey. Fjallað er um þroskaferil barna/unglinga. Áherslur m.a. á þróun sjálfsins, vitsmuna, siðgæðis og félagsþroska barna og unglunga.

Mikilvægt er að nemandinn fái þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum við að leita upplýsinga, vinna úr gögnum, kynna niðurstöður skriflega og/eða munnlega, áhersla á hópavinnu.

Markmið:

Fjallað verður um uppeldisfræði í sögulegu ljósi, ágríp af sögu uppeldis og menntunar.

Fjallað verður um helstu kenningar og höfunda þeirra.

Fjallað verður um börn í nútíma samfélagi, samskipti foreldra og barna, hjónaskilnaði og fl.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Verkefni á önninni (Kynningarverkefni, skýrsla og tímaverkefni, sjá vægi í áætlun um yfirferð)	60 %
Próf	3 próf á önninni (2 bestu gilda til einkunnar, 15% hvort)	30 %
Annað	Ástundun/virkni í tímum/þátttaka	10 %

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Uppeldisfræði 103 (UPP 103) Kennsluáætlun (Haustönn 2012)	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni og próf
34	Farið yfir kennsluáætlun Kynning á áfanganum	
35	1. kafli: Uppeldi uppeldisfræði	
36 - 38	2. kafli: Uppeldi og menntun í aldanna rás	Verkefni 15% - Próf (15%)
39 - 41	3. kafli: Þroskaferill barnsins	Verkefni 5% - Tilraun 5%
42	Kynningarverkefni (val)	Verkefni 5%
43 - 45	4. kafli: Kynhlutverk og uppeldi	Verkefni 10% - Próf (15%)
46	Heimsókn og rannsóknarvinna	10 %
47	13. kafli: Hjónaskilnaðir	Próf (15%)
48	5. kafli: Samskipti foreldra og barna	Verkefni 10%

Námsgögn: **Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla**, 2006. Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir: Mál og menning. Kaflar: 1 – 5 og 13.

Annað kennsluefni afhent í tíma. Kennslutilhögun: Fyrirlestrar, myndbandssýningar, umræður og verkefni.

Vinnubrögð og verkefnaskil: Verkefni skal vinna af vandvirkni. Verkefnum skal skila á tilsettum tíma (ekki er tekið við verkefni viku eftir tilsettan skiladag) – einkunn lækkar við hvern dag sem fer fram yfir tilsettan skiladag. Skila þarf öllum verkefnum áfangans til að ljúka honum.

Nemendum er ekki heimilt að nota farsíma í kennslustundum. Fartölvur nemenda eru aðeins heimilaðar til notkunar við námið sjálft.

Birt með fyrirvara um breytingar.

**Dagsetning og undirritun brautarstj., fagstj.
eða staðgengils:**

_____ kennari

_____ kennari